

# Úrdráttur úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995

## II. kafli. Um fasteignaskatt.

**3. gr.** [Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt Landskrá fasteigna, sbr. þó 4. mgr. 4. gr. og 5. gr.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Sveitarstjórn ákveður fyrir lok árs skatthlutfall næsta árs innan þeirra marka sem greinir í a- og c-lið. Skatthlutfall skal vera sem hér segir:

a. Allt að 0,5% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c. Allt að 1,32% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundradshluta þá sem tilgreindir eru í a- og c-liðum 3. mgr. þessarar greinar, öðrum eða báðum staflaðum.

Í sveitarfélagi þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli og sumarhús álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 140/2005, 2. gr.

**5. gr.** [Undanþegnar fasteignaskatti eru eftirtaldar fasteignir ásamt lóðarréttindum:

a. kirkjur og bænahús íslensku þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem hlotið hafa skráningu dóms- og kirkjumálaráðuneytis;

b. safnahús, að því leyti sem þau eru ekki rekin í ágóðaskyni;

c. hús erlendra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og hús alþjóðastofnana, eftir því sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og öðlast hafa stjórnskipulegt gildi hér á landi.

Sveitarstjórn er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómsundastarfsemi og mannúðarstörf. Skyllt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

Nú eru hús þau sem um ræðir í 1. og 2. mgr. jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsvæði, og ber sveitarstjórn þá að leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skyllt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkan er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ef þau eru einungis nýtt að hluta eða standa ónotuð. Skyllt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 140/2005, 4. gr.

**6. gr.** [Ef afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, er á þann veg háttáð að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt fleiri en einum gjaldflokki, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna, ákveður byggingarfulltrúi hlutfallslega skiptingu milli gjaldflokka.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 140/2005, 5. gr.

**7. gr.** Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

## Samþykktir Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna fasteignagjaldaálagningu ársins 2012:

**Fasteignaskattur:** A flokkur, álagningarhlutfall 0,50%, B-flokkur 1,32%, C-flokkur án álags 1,32%, C-flokkur með álagi 1,65%.

**Lóðarleiga:** Íbúðalóðir 1,50%, aðrar lóðir 2,50%

**Landleiga:** Beitarland 5.000 kr./ha, ræktunarland í dreifbýli 9.000 kr./ha, ræktunarlands í þéttbýli 12.500 kr./ha.

**Gjalddagar** fasteignagjalda eru átta frá 1. febrúar til og með 1. september 2012. Ef álagning fasteignagjalda á fasteign nær ekki 23.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga. Hægt er að fá að greiða öll gjöldin á einum gjalddaga 1/5 2012 séu þau jöfn eða umfram 23.000 kr.

### Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði 2012:

1. grein:

Sorphirðugjald, íbúðarhúsnæði 16.000 kr.

Sorpeyðingargjald, íbúðarhúsnæði 14.000 kr.

2. grein:

Sorpeyðingargjald liður II:

Býli/bújarðir með atvinnustarfsemi, 42.500 kr.

Íbúðarhúsnæði í dreifbýli, 14.000 kr.

Sumarbústaðir, 14.000 kr.

Hesthús á skipulögðum svæðum í þéttbýli 3.000 kr./hver séreign

### Gjaldskrá fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Skagafirði 2012:

2. grein.

Fráveitugjald er 0,275% af álagningarstofni.

3. grein.

Árgjald sem hlutgreiðsla fyrir tæmingu rotþróa:

0-2000 ltr. árgjald 4.300 kr.

2001-4000 ltr. árgjald 5.000 kr.

4001-6000 ltr. árgjald 6.000 kr.

stærri en 6000 ltr. kr. 3.600 pr. m<sup>3</sup>.

Aukatæming 50% af tæmingargjaldi.

**Tæmingargjald er rukkað skv. gjaldskrá þegar þjónusta hefur verið veitt.**

**Vatnsgjald verður 0,16% af stofni. Lágmarksgjald pr. rúmmetra 36,00 krónur. Hámarksgjald pr. rúmmetra 42,500 krónur.**

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsgjald árlega. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati.

**Afsláttur af fasteignaskatti** til elli- og örorkulífeyrisþega er tekjutengdur og er allt að kr. 25.000 í upphafsálagningu.

Afsláttur er reiknaður **til bráðabirgða við álagningu** og er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2010. **Þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna ársins 2011 verður afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.** Hámarks afsláttur 2012 er 50.000 kr. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks. Getur endurútreikningur leitt til þess að inneign eða skuld myndast.

**Tekjumörk eru sem hér segir:**

**Fyrir einstaklinga:**

a) með tekjur allt að kr. 2.300.000 fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir kr. 3.100.000 enginn afsláttur.

**Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:**

a) með tekjur allt að kr. 3.100.000,- fullur afsláttur skv. 4. gr.

b) með tekjur yfir kr. 4.200.000,- enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Nánari upplýsingar um álagninguna og innheimtu eru veittar í síma 455 6000, netfang: [innheimta@skagafjordur.is](mailto:innheimta@skagafjordur.is).

Reglugerðir varðandi álagningu fasteignagjaldanna er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is)